

Nr. 094 / 15 Sturla GK 12***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1272
Smíðaður: Noregi 1967, stál
Stærð: 486,5 brl. 671,5 bt.
Mesta lengd: 52,6 m Skráð lengd: 49,58 m
Breidd: 8,53 m Dýpt: 6,8 m
Vél: MaK 742kW, 1967
Fjöldi skipverja: 14



Sturla©Guðmundur St Valdimarsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 19. febrúar 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 27. apríl 2015 var Sturla GK 12 á línuveiðum á Faxabanka. Veður: N 23 m/s.

Skipverji var á milliþilfari að taka út beitu og var með beitupönnu í fanginu þegar báturinn fékk á sig hnút. Við það missti skipverjinn jafnvægið og féll á hægri síðu á brík á rennu þar sem beitupannan átti að fara og rifbeinsbrotnaði.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn slasaða var þilfarið ekki hált og slasaði var í góðum stígvélum;
- að hnúturinn sem kom á skipið kom skipverjanum að óvörum.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð.

.